

Vinátta – Virðing – Velgengni

Skólasöngur Grunnskólans í Þorlákshöfn – saminn af tilefni 50 ára afmælis skólans

Í skólanum við okkur framtíðin skín,
við göngum á menntunarbraut.
Með samhug og vilja sem aldregi dvín
við leysum úr hverskonar þrautum.

Hér er æskan og barnanna yndi
hér er birta hvern einasta dag.
Hér við lifum á gleðinnar vegum
í vináttu, virðingu og velgengni.

Já, menntun er máttur sem búum við að
í lífsins ólgunnar sjó.
Með minningar góðar um ágætan stað
við senn út á lífshafið róum.

Hér er æskan og barnanna yndi
hér er birta hvern einasta dag.
Hér við lifum á gleðinnar vegum
í vináttu, virðingu og velgengni.

Lag og texti: Magnþóra Kristjánsdóttir